



## Stjórnarfundur AKÍ

**Staður og tími:** Google Hangout - 19.7.2016 kl. 18:00

**Mætt:**

Sigurður Gunnar Sigurðsson (SGS), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Tryggvi Magnús Þórðarson (TMÞ), Þrándur Arnþórsson (ÞA), Þórður Bragason (ÞB), Jón Bjarni Jónsson (JBJ), Ragnar Róbertsson (RR)

**Fjarverandi:**

Einar Gunnlaugsson (EG), Ari Jóhannsson (AJ), Jón Rúnar Rafnsson (JRR), Magnús Á Ástráðsson (MÁÁ)

ÞA ritaði fundargerð.

---

### 1. Erindi frá keppnisráði í sandspyrnu - Breyting á flokkaskilgreiningu

Stjórn leggur til að eftirfarandi verði bætt inn í reglur í sandspyrnu:

**Fjöldaframleiddir buggy bílar (FB)**

Fjöldaframleiddir "buggy bílar" þannig að

- vél og umsjónarkerfi (ECU) eru upphafleg
- upphafleg fjöðrun
- upphafleg gírkassi, drif og drifhlutföll
- óskorin DOT merkt dekk ætluð til götuaksturs
- tími í brautinni fari ekki undir 6:00 sekúndur

Allir fjöldaframleiddir "buggy bílar" sem ekki standast ofangreint verða að vera með öryggisbúr og öryggisbúnað til samræmis við staðla FIA og munu keppa í flokki (B)

### 2. Skilgreining á því hvort keppnistæki tilheyrir MSÍ eða AKÍ

Samþykkt eftirfarandi skjal sem er einnig samþykkt af MSÍ:

<https://docs.google.com/document/d/1ZadAgFkKKrENOSECKmwzVuvkwjnm3oCUvLTnzOastU/edit?usp=sharing>



**3. Sameiginlegt sniðmát AKÍS og MSÍ vegna fjölmiðlafólks**

Samþykkt tillaga að sameiginlegu sniðmáti MSÍ og AKÍS á yfirlýsingu vegna myndatöku á keppni. Aðgengi að sniðmáti verður sent út sem frétt.

**4. Agamál á bíladögum**

Sagt frá stöðu mála.

**5. Atvik á Poulsen torfærinni 16. júlí 2016**

Keppanda á keppnistæki með rásnúmer 144 var vísað úr keppni eftir að því hafði verið ekið leyfislaust og afar ógætilega af eiganda, ekki keppanda, eftir að akstri í brautum var lokið og þar sem starfsmenn voru að vinna að því að taka saman eftir keppnina. Samþykkt að fela keppnisráði í torfæru að óska eftir því frá keppnisstjóra hvaða laga- og eða reglustoð var notuð við ákvörðunina. Þá þarf að fá á hreint hvernig birtingu úrskurðarins og kærufresti var háttað. Hafi því verið ábótavant þarf að birta úrskurðinn að nýju.

**6. Önnur mál**

**Kæra frá Hólmavíkur rally** - Kanna þarf stöðu málsins hjá Aga- og úrskurðarnefnd og Dómstóli ÍSÍ.

**Mótakerfi AKÍS** - Nokkur atriði sem þarf að laga til að hægt sé að samþykkja kerfið.

Vantar til dæmis að geta tekið út keppendalista á tölvutæku formi.

Fundur ákveðinn í hádeginu á fimmtudag fyrir þá sem hafa áhuga á að skoða kerfið betur. Fundarstaður ákveðinn síðar.

**Frestun á drift keppni** - Samþykkt ósk frá drifráði að drift keppni sem vera átti 24. júlí færist til 7. ágúst.